Fundargerð YFN BLÍ

2. september 2026

Fundur settur kl. 17:35 og slitið kl. 19:11

Fundarritari: Guðrún Jóna

Mætt voru fulltrúar frá: Aftureldingu, HK, Vestra, KA, Völsungi og Keflavík.

Mætt: Sigurgeir, Rósborg Halldórsdóttir, Guðrún Jóna, Arna Sigurjóns, Sigý Þöll Kristins, Hulda, Halldóra, Karl Heiðarsson og Erla Rán.

1. Mót yngri flokka – staðfesting, vormót og næstu skref

Farið var yfir þær umsóknir sem komu inn um mót. Fyrir haustið hafði Þróttur Nes sótt um U20 mót, Afturelding og HK sótt um fyrstu umferð Íslandsmóts, Vestra um Bikarmót U26 og KA um Íslandsmót að vetri. Fylkir hafði sótt um Bikarmót U14 og U20. Ekkert lið hafði sótt um Íslandsmót að vori.

Rætt var um að ekki væri endilega heppilegt að hafa U20 mótið á sama tíma og lokapróf. Kom upp hugmynd um að hafa úrslit U20 í Íslandsmóti að vetri og halda frekar vormót fyrir U20 fyrr á árinu. Enginn mótmælti þeirri hugmynd.

Einnig var rætt um hvort skipta ætti mótahaldi niður á fleiri helgar og hvernig best væri að raða mótunum þannig að sem flest lið geti tekið þátt. Rósborg fór yfir þá möguleika sem væru í boði og lagði áherslu á að reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu.

Varðandi vormótið kom fram að Varmá 21.–23. maí gengur ekki vegna Skólahreysti. Aðrar helgar í Mosfellsbæ eru erfiðar vegna annarra íþróttamóta og apríl er einnig erfiður vegna húsnæðis og leikja í úrvalsdeild.

Kórinn er laus 6.–9. maí og var rætt um þann möguleika sem fjögurra daga mót eða styttra þriggja daga mót. Hugmyndin um að hafa alla flokka saman var talin skemmtileg, þó rætt væri að það gæti orðið nauðsynlegt að nota fleiri en eitt húsnæði.

Hulda nefndi að mikilvægt væri fyrir félagið að fá að vita tímanlega hvort fleiri en eitt lið ætlaði að sækja um sömu helgi. Einnig var rætt um gistinguna og að það skipti miklu máli að hóparnir geti gist saman, jafnvel þó þurfi að aka á milli húsa.

Fram kom að hægt væri að skoða Fagralund og að Afturelding gæti mögulega séð um gistinguna, með aðstoð HK varðandi húsnæði. Fyrir U12 kom upp hugmynd um að athuga Helgarfellsskóla. Völsungur taldi lausn með akstri mögulega, þó það gæti kallað á auka ráðstafanir. Keflavík taldi það einnig framkvæmanlegt ef mótaskipulagið gefur nægan tíma til að fara á milli húsa.

Samstaða var um að ef þetta reynist eina leiðin til að halda mótið sé rétt að skoða slíkt fyrirkomulag og að Rósborg kannar málið betur með Aftureldingu og kemur því áfram.

2. Mótaumgjörð

Rætt var um gistikostnað og hvort halda ætti sama verði og á síðasta tímabili. Allir voru sammála um að halda sama fyrirkomulagi fyrir gistingu frá föstudegi til sunnudags, með tveimur morgunverðum, tveimur hádegisverðum og einum kvöldverð, 17.000 kr. Ef auka kvöldverður bætist við komi 1.000 kr. ofan á.

Rætt var um seinar úrskráningar og þá vinnu sem skapast þegar þarf að endurskipuleggja mót skömmu fyrir mót, jafnvel kvöldið áður. Kom fram að stundum komi upp skyndileg forföll, en lið verði rukkuð fyrir mótið ef úrsögn kemur eftir tímamörk.

Samstaða var um að leggja áherslu á að lið skrái sig ekki nema vera nokkuð örugg með leikmannahóp. Einnig var bent á að félög geti leitað til annarra liða ef vantar leikmenn til að fylla hópa og að félögin geti þannig aðstoðað hvert annað betur. Rósborg ætlar að bæta við póstinn vegna skráninga og ítreka að ekki eigi að skrá lið nema vera örugg með leikmannahópinn, og jafnframt að hvetja lið að sameinast um lið ef félög eru með umfram leikmenn. Þannig er hægt að hjálpa hvert öðru að manna liðin og forðast óþarfa úrskráningar.

3. Mótakerfi og dómgæsla

GJ. fór yfir póst frá Oddi hjá Vettvöngum Íþrótta um þróun mótakerfisins. Þar komu fram umbætur sem þegar eru komnar inn, m.a. leiðréttingar á röngum skráðum úrslitum, útflutningur á niðurröðun leikja eftir völlum, nýtt aðgangs- og boðsferli og innflutningur leikmannalista keppnisliða úr Abler.

Einnig var farið yfir það sem er í vinnslu, meðal annars umsjónarkerfi sem á að geta raðað umsjón sjálfvirkt eftir því sem hægt er, einfaldari aðgang fyrir skrásetjara og dómara og viðbót fyrir reglubundna röðun liða í úrslitasæti.

Rætt var hvort halda ætti áfram með kerfið. Þetta var fyrsta árið sem kerfið var í notkun og komu upp ýmis smávandamál sem þurfa að lagast. Jafnframt tekur tíma að venjast nýju kerfi. Þrátt fyrir það hafði enginn neitt sérstakt út á kerfið að setja og samstaða var um að gefa því annað tækifæri og ná meiri færni í notkun þess.

Varðandi dómgæslu og umsjón voru allir sammála um að fyrirkomulagið hefði reynst mjög vel. Eitt dæmi kom upp þar sem fullorðinn aðili þurfti að stíga inn þegar smá uppþot varð, en talið var mikilvægt að þjálfarar liða stígi inn ef þarf og hjálpi til við að halda ró.

Sérstaklega var tekið fram að U12 eigi ekki að dæma. Mótshaldarar manna dómgæslu fyrir þann aldurshóp og fylgdarfólk eða þjálfarar styðja við umsjón.

4. U14 strákar

Rætt var um hvort halda ætti sama fyrirkomulagi, 3 á móti 3 á hálfum velli. Ekki var talið tímabært að ákveða breytingar strax í upphafi tímabils. Rósborg lagði til að taka samtal við liðin eftir ákveðinn tíma og taka drengja tal á drengjum í liðum. Samstaða var um að taka stuttan fund í lok september og ræða málið betur.

5. Hæfileikabúðir og þjálfaranámskeið

Spurt var hvort eitthvað hefði mátt fara betur og hvort almennt hefði verið ánægja með hæfileikabúðirnar. Fram kom að börnin hefðu almennt verið ánægð.

Rætt var um tímasetningu þjálfaranámskeiðs og hvort það væri of snemma. Verklegi hlutinn er tengdur hæfileikabúðunum á Menningarnæturhelginni, en komið hefur upp að hugsanlega væri hægt að hafa annað námskeið síðar, t.d. í september.

Hulda nefndi að starfið hjá þeim væri ekki almennilega byrjað fyrr og að fleiri gætu mögulega tekið þátt ef námskeiðið væri í september. Einnig kom fram að þjálfarar hjá KA væru ekki endilega komnir til landsins þá.

Rætt var um hvort hægt væri að halda annað námskeið ef félögin gætu útvegað húsnæði og þátttakendur. Þá þarf þó töluverðan tíma í hús fyrir verklega hlutann og ÍSÍ setur ákveðna lágmarkslengd á verkleg námskeið.

Kom fram að mögulega væri hægt að halda annað BLÍ 1 námskeið við seinni hæfileikabúðir, en ekki væri hægt að taka endanlega ákvörðun um það fyrr en nýr afreksstjóri tekur við. Samstaða var um að skoða þann möguleika þá.

6. Skólablak og sitjandi blak

GJ sagði frá góðum fundi með Borja og Thelmu þar sem hægt var að viðra hugmyndir og finna sameiginlegt markmið um að efla skólablak og nýliðun.

Hugmyndin er að blakfélögin sendi þjálfara inn í skóla og fái að koma inn í íþróttatíma til að kenna og kynna blak. Dæmi um fyrirkomulag væri að þjálfari væri í skólanum allan daginn, t.d. föstudag kl. 8–14, og færi á milli bekkja.

Nemendum yrði skipt á þrjár stöðvar: skólablak, SmashVolley og sitjandi blak. Eftir ákveðinn tíma yrði róterað á milli stöðva svo allir fengju að prófa allt.

Hugmyndin er síðan að skólarnir vinni áfram með þetta yfir veturinn og byggi upp eitt lið sem tekur þátt í skólamóti innan svæðis, t.d. að allir Kópavogsskólar sendi eitt lið og keppi sín á milli.

Rætt var sérstaklega um mikilvægi verkefnisins til að ná fleiri strákum í blakið. Bent var á að staðan í yngri strákaflokkum sé erfið, að nánast ekkert U16 lið sé í dag og ekkert U17 landslið. Því þurfi að finna leiðir til að nýta skólablakið sem nýliðunarverkefni. Sama verkefni geti þó einnig hjálpað við að halda áfram góðri nýliðun hjá stelpum.

Til að verkefnið gangi upp þarf einn tengiliður úr hverju félagi eða deild sem fylgir því eftir að koma upplýsingum til skólanna og finna þjálfara sem geta farið inn í þá. Fram kom að þátttaka hefði verið misgóð, en samstaða væri um að öll félög þyrftu að leggja sitt af mörkum.

Hulda sagði að HK hefði verið duglegt að fara í skóla síðasta vetur og það hefði skilað sér. Enginn mótmælti því að félögin þurfi að aðstoða, en útfærsla á því hvernig aðstoðin verði þarf að vera skýrari, sérstaklega varðandi að ná í tíma í skólum og finna þjálfara.

7. Önnur mál

Rætt var um hvort móta þyrfti sameiginlega stefnu þegar fleiri en eitt lið sækja um sömu helgi. Kom fram að erfitt sé fyrir sum félög að sækja um mjög snemma þegar aðrar íþróttagreinar eru ekki búnar að festa sína dagskrá. Afturelding fær úthlutað eina helgi að hausti og eina að vori og hefur oft verið með deildarkeppni í janúar. HK þarf að fá mótadagsetningar staðfestar fyrr.

GJ benti á að í raun séu það helst þrjú félög sem geti haldið stærri mót og því þurfi að reyna að finna góðan farveg með því að þau ræði sín á milli. Ekki náðist niðurstaða á fundinum og félögin munu ræða málið innan sinna raða og taka það upp aftur.

Að lokum var farið yfir að mikilvægt sé að fundargerðir innihaldi meira af umræðunum sem fara fram á fundum. Meðlimir eru beðnir um að fara yfir fundargerð þegar hún berst og láta vita ef eitthvað vantar eða þarf að leiðrétta.

Næsti fundur: 24. september 2026